Náttúrufræðistofnun

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun

Sigurður Ásbjörnsson

Borgartúni 21

105 REYKJAVÍK

Garðabær, 20. október 2026

Málsnúmer: 202609-0052

IAS

Efni: Ný skólphreinsistöð í Reykjanesbæ. Matsskyldufyrirspurn

Vísað er til erindis Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar frá 23. september 2026 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um matsskyldufyrirspurna vegna nýrrar skólphreinsistöðvar í Reykjanesbæ.

Reykjanesbær hyggst reisa nýja skólphreinsistöð á Hólmbergsbraut 10 í Helguvík. Framkvæmdin er liður í aðgerðaáætlun fráveitu Reykjanesbæjar og samræmist markmiðum aðalskipulags Reykjanesbæjar 2020–2035 um uppbyggingu fráveitukerfis í takt við vöxt sveitarfélagsins.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsskyldufyrirspurnina og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Framkvæmdasvæðið er innan mikilvæga fuglasvæðisins Rosmhvalanes en þar var langstærsta sílamáfsvarp landsins árið 2004 og eru mörk svæðisins miðuð við meginútbreiðslu varpsins það ár. Sílamáf hefur fækkað mjög mikið síðustu ár og er stofninn metinn í yfirvofandi hættu á válista fugla 2025[1)].

Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar eru helstu vistgerðir svæðisins lyngmóavist á láglendi, með hátt verndargildi, hraungambravist, með lágt verndargildi, og lúpína. Helstu fuglategundir sem verpa í lyngmóavist á láglendi eru rjúpa, þúfutittlingur, hrossagaukur, spói, heiðlóa og lóuþræll en spói, heiðlóa og lóuþræll eru metin í nokkurri hættu á válista Náttúrufræðistofnunar [1)].

Varanlegt rask vegna framkvæmdanna verður mest vegna byggingar skólphreinsistöðvarinnar á lóðinni Hólmbergsbraut 10 (5.000-8.000 m^2 af óröskuðu landi) og vegna fráveitulagnar frá stöðinn út í sjó en lagnir að stöðinni verða að mestu meðfram vegum á þegar röskuðum svæðum. Til að lágmarka truflun á fuglalífi ættu framkvæmdir að fara fram utan varptíma.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er nægjanlega gerð grein fyrir framkvæmdinni og umhverfisáhrifum hennar og er ekki þörf á að hún fari í umhverfismat.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson,

jarðfræðingur

1) Náttúrufræðistofnun. (2025). Válisti fugla 2025. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 61. Náttúrufræðistofnun. DOI: 10.33112/1027-832X.61

Smiðjuvöllum 28 | 300 Akranesi
natt.is | Sími 430 9000